

(B. XVIII, 1).

Ed.

45. Frumvarp

til laga um afnám kennarastóls í klassiskum fræðum við Háskóla Íslands og að flytja núverandi docent í grísku og latínu að mentaskólanum.

Flutningsmaður: Jónas Jónsson.

1. gr.

Kennarastóll í klassiskum fræðum við Háskóla Íslands skal afnuminn.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi feld lög nr. 25, 2. nóv. 1914.

3. gr.

Sá maður, sem nú gegnir starfi sem docent í klassiskum fræðum við háskóla Íslands, skal fluttur að mentaskólanum og njóta þar sína tíð sömu launakjara og hann hefði notið á hverjum tíma með því að vera framvegis docent við háskólann. Við mentaskólann ber honum skylda til að kenna þá stundatölu á viku, sem á hverjum tíma er lögboðin fyrir kennara þar við skólann í íslensku, þýsku, stærðfræði og latínu, eftir því sem helst er þörf fyrir við skólann.

Greinargerð.

Viðvíkjardi afnámi kennarastóls í klassiskum fræðum við háskólann vísast til greinargerðar á þingskjali 36. En að því er snertir 3. gr. frv. þykir hlýða að benda á það, að Bjarni Jónsson var áður kennari við mentaskólann, að hann var sviftur því starfi af pólitískum ástæðum, að hann var þar meðal hinna fjölhæfustu kennara og vel fallinn til að kenna nokkrar af höfuðkenslugreinum skólans. Á seinni tímum hafa með samþykki fjárveitinganefndar neðri deildar og stundum að boði kenslumálaráðherrans verið stofnuð ný embætti við mentaskólann. Þau »embætti« getur þingið lagt niður hvenær sem er. Hjer er gert ráð fyrir, að docentinn í grísku og latínu verði fluttur að mentaskólanum samkvæmt heimild 16. gr. í stj.skr., en iögð niður þar við skólann þau hin föstu kenslustörf við skólann, sem stofnsett hafa verið án samþykkis Alþingis.